



Heiðarskóli — Fréttabréf

Mars 2011

Ábm. Sigurbjörg Róbertsdóttir deildarstjóri



Landsbankinn



Árshátíð Heiðarskóla föstudaginn 25. mars

Árshátíð Heiðarskóla verður haldin föstudaginn 25. mars. Að venju er hátíðin þrískipt.

1.—4. bekkur	Mæting 8:10	Hátíð hefst 8:30
5.—7. bekkur	Mæting 9:30	Hátíð hefst 10:00
8.—10. bekkur	Mæting 12:15	Hátíð hefst 12:30

Allir bekkir frá 1.—7. bekk verða með atriði á sviði og síðan mun hópur nemenda í 8.—10. bekk frumsýna leikverk byggt á sögunni Stelpurokk eftir Bryndísi Jónu Magnúsdóttur.

Í lok hverrar hátíðar er boðið upp á léttar kaffiveitingar í samstarfi við foreldra.

Lokahátíð Stóru upplestrarkeppninnar

Lokahátíð Stóru upplestrarkeppninnar fór fram 3. mars. Heiðarskóli átti tvo fulltrúa í keppninni þau Brynjar Stein Haraldsson og Birtu Gunnarsdóttur. Þau stóðu sig bæði mjög vel. Þá voru nemendur Heiðarskóla einnig að spila á hljóðfæri á lokahátíðinni þau Brynjar Steinn, Ísak Freyr og Katja Nikole öll nemendur í 7. bekk. Bjarni Fannar Bjarnason nemandi í Heiðarskóla sem hlaut annað sætið í fyrra kynnti skáld hátíðarinnar. Allir nemendur Heiðarskóla stóðu sig mjög vel.



Öskudagur í Heiðarskóla

Öskudagur var haldinn hátíðlegur 9. mars. Sú hefð hefur skapast í skólanum að nemendur og starfsfólk skólans mætir í grímubúningum og furðufötum þennan dag. Þá er brugðið á leik og dansað í íþróttahúsinu. Í ár var boðið upp á draugahús í salnum sem nemendur í nemendaráði höfðu undirbúið og stjórnuðu. Það vakti mikla lukku hjá nemendum og var fjölsótt.



Skólahreysti 2011

Í byrjun mars fór fram keppni í 3. riðli í Skólahreysti 2011 í íþróttahúsinu Smáranum. Þar kepptu lið af Reykjanesi og frá Hafnarfirði. Lið Heiðarskóla var skipað þeim Brynjari Frey Garðarsyni, Jóni Ágústi Guðmundssyni, Ingibjörgu Ástu Bjarnadóttur og Ingibjörgu Þóru Þórarinsdóttur. Hópurinn stóð sig mjög vel og lenti í öðru sæti í sínum riðli með 66 stig. Aðeins efsta liðið í riðlinum kemst í lokakeppnina og síðan tvö stigahæstu liðin þar á eftir svo að það verður spennandi að sjá hvort að lið Heiðarskóla kemst áfram í lokakeppnina sem verður haldin 29. apríl.





Rannsókn á einelti í Heiðarskóla

Heiðarskóli vinnur samkvæmt kerfi Olweusar til að fyrirbyggja einelti með fræðslu fyrir nemendur og starfsfólk. Bekkjarfundir eru haldnir reglulega til að fyrirbyggja einelti.

Þá eru gerðar kannanir á því hvort að nemendur hafi orðið fyrir einelti. Síðasta könnun fór fram í byrjun desember 2010 og niðurstöður hennar hafa verið kynntar starfsmönnum, skólaráði og nokkrum árgöngum.

Helstu niðurstöður eru þær að því miður mælist einelti meira í ár en síðasta ár. Hjá nemendum í 4.—7. bekk mælist 10,2% einelti og 6,9% hjá nemendum í 8.—10. bekk. Nemendum virðist þó flestum líka vel við að vera í skólanum en um 85% nemenda svara að þeim líki vel eða mjög vel að vera í skólanum. Þá virðast 99,3% nemenda eiga vini, einn eða fleiri.

Það er mikilvægt að bæði foreldrar og starfsmenn skólans séu vakandi fyrir líðan og velferð nemenda. Mikilvægt er að koma tilkynningum um grun um einelti sem allra fyrst til umsjónarkennara svo hægt sé að leysa málin á farsælan hátt með hagsmuni allra nemenda að leiðarljósi. Einnig er mikilvægt að foreldrar bregðist rétt við þegar skólinn hefur samband og grunur leikur á að barn viðkomandi sé þátttakandi í að leggja í einelti. Það er mjög brýnt að foreldrar ræði við börn sín um alvarleika eineltis. Það á að vera sameiginlegt markmið okkar allra að enginn einstaklingur sé lagður í einelti eða sé þátttakandi í að leggja aðra í einelti.



Ein af lúðrasveitum Tónlistarskóla Reykjanesbæjar kom í heimsókn í Heiðarskóla og var með tónleika ásamt nemendum í 2. bekk sem sungu og spiluðu á blokkflautur.

Brjóstholslíffæri úr svínum krufin

Í lok febrúar fengu nemendur í Mannslíkamavali skemmtilegt verkefni. Þeir fengu brjóstholslíffæri úr svínum ásamt lifur og nýrum og áttu að kryfja og skoða. Nemendur í þessu vali hafa verið að læra um mannslíkamann og er þetta hluti af því að sjá og skoða betur þau líffæri sem líkjast helst líffærum mannsins. Í ár fylgdi líka einn haus með sem fékk aðeins að finna fyrir því.



3. bekkur í Mjólkursamsölunni

Í lok janúar fóru nemendur í 3. bekk í heimsókn í Mjólkursamsöluna. Fengu þeir að kynnst starfsemi hennar og sögu. Leiðsögumaður frá Mjólkursamsölunni fór með nemendur í gegnum hana og þurftu nemendur og kennarar að klæðast hlífðarfataði og þótti það mjög spennandi. Nemendur hittu Lalla töframann sem sýndi þeim listir sínar og vakti hann mikla lukku. Að lokum var öllum boðið upp á mjólk, kleinur og smákökur og svo í lokin fengu allir íspinna. Vel heppnuð ferð og allir skemmtu sér konunglega.



Læsisbrú

Kennarar á yngsta stigi í Heiðarskóla hafa unnið að verkefni frá því í haust sem kallast „Læsisbrú“. Markmiðið með verkefninu er að stuðla að samfelli í námi og kennslu nemenda á fyrstu tveimur skólastigunum og byggja upp gagnkvæma þekkingu á störfum kennara í grunnskóla og leikskóla. Sprotasjóður Menntamálaráðuneytisins hefur styrkt verkefnið og er áætlað að því ljúki að vori 2012. Kennarar í 1. bekk Heiðarskóla hafa heimsótt skólalópa í Garðaseli og Heiðarseli en það eru okkar heimaleikskólar. Einnig hafa kennarar kynnt sér lestrarkennslu í leikskólanum Tjarnarseli en hann er framarlega í þróun lestrar- og skriftahvetjandi umhverfis fyrir leikskólanemendur. Starfsdaginn 10. febrúar fóru kennarar á yngra stigi í heimsókn í Grundaskóla á Akranesi og kynntu sér samstarf leik- og grunnskóla þar. Var það virkilega áhugaverð ferð og alltaf gott að sjá hvað er verið að gera í öðrum bæjarfélögum. Ýmislegt annað hefur verið gert tengt verkefninu og má þar nefna gagnkvæmar heimsóknir nemenda og kennara Heiðarskóla og leikskóla bæjarins.

